



Börn eru gleðigjafar, skapandi og fróðleikstús

Akurskóli 2017

Umbótaáætlun í kjölfar ytra mats

## Inngangur

Haustið 2016 gerðu starfsmenn Námsmatsstofnunar úttekt á starfsemi Akurskóla. Þeir þættir sem voru skoðaðir voru stjórnun, nám og kennsla og innra mat. Niðurstöður úttektarinnar eru settar fram í skýrslu sem var birt í apríl 2017 en kynntar starfsfólki og skólaráði í febrúar. Þar eru dregnir fram styrkleikar í starfi skólans og sett fram tækifæri til umbóta.

Á vordögum í júní fóru allir starfsmenn skólans yfir þá þætti sem þarf að bæta og komu með sínar hugmyndir um umbætur. Haustið 2017 var unnið úr tillögum starfsmanna og loka umbótaáætlun sett fram. Á fundi í september samþykktu starfsmenn lokaútgáfu og einnig fór áætlunin í kynningu og umræðu í nemendaráði. Skólaráð fékk svo áætlunina til yfirferðar og var hún samþykkt á fundi ráðsins 20. september.

Umbótaáætlunin er sett upp í töfluformi ásamt tímaramma og ábyrgðaraðilum. Í umbótaáætluninni kemur sérhver tillaga til úrbóta úr skýrslunni fyrir í sömu röð og þær eru í skýrslunni. Í einhverjum tilfellum er búið að framkvæma það sem bent er á. Það kemur þá fram í áætluninni.

Akurskóli þakkar gott samstarf við þá sem stóðu að og framkvæmdu úttektina. Úttektin er afar gagnleg fyrir skólastarfið og gerir okkur kleift að gera gott skólastarf enn betra.



Sigurbjörg Róbertsdóttir  
Skólastjóri Akurskóla

## Stjórnun

Matsþáttur	Tækifæri til umbóta	Áætlun um umbætur	Hvenær unnið/lok	Hvernig/hvenær mælt/metið	Ábyrgð
<b>1. Fagleg forysta</b>					
<b>1.1 Stjórnandinn sem leiðtogi</b>	Taka mætti betur saman í skólanámskrá þær leiðir sem skólinn fer til að vinna að grunnþáttum menntunar.	Fjalla um í skólanámskrá hvaða leiðir kennarar fara í kennslustundum í vinnu með grunnþættina sex. Þessi vinna helst í hendur með endurskoðun á vinnu með frægjum skólans.	Skólaárið 2017-18	Birt í skólanámskrá eftir endurskoðun 2019.	Kennarar og stjórnendur
	Huga mætti að því að kynna stefnu og einkunnarorð betur fyrir nemendum og foreldrum.	Gera einkunnarorðin sýnilegri t.d. í undirskriftum kennara í tölvupóstum. Fræin eru sýnileg í hverri stofu í stórum römmum. Kynna á skólasetningu þegar kennarar ræða við nemendur og foreldra.	Tileinkum okkur þetta strax haust 2017. Rammar í öllum stofum. Lokið.	Stöðug vinna. Setja í punkta kennara fyrir skólasetningu.	Kennarar og stjórnendur.
<b>1.2 Stjórnun stofnunar</b>	Tækifæri til umbóta ekki sett fram. Þáttur í góðu lagi.				
<b>1.3 Faglegt samstarf</b>	Vinna mætti ítarlegri áætlanir um samstarf við önnur skólastig og fjalla um samstarf við aðra grunnskóla og grenndarsamfélagið.	Setja saman texta um viðfangsefnið.	Skólaárið 2017-18	Birt í skólanámskrá eftir endurskoðun 2019.	Kennarar og stjórnendur.
<b>1.4 Skólaþróun</b>	Umbótaáætlun þarf að liggja fyrir.	Umbótaáætlun sett fram haustið 2017.	Haust 2017. <b>Lokið.</b>	Umbótaáætlun birt fyrir 15. október 2017.	Stjórnendur og matsteymi.
	Í símenntunaráætlun þarf að gera grein fyrir hvernig einstaklingar sækja sér símenntun.	Texti um hvernig starfsmenn sækja sér endurmenntun hjá skólanum, fræðsluskrifstofu og á eigin vegum.	Haust 2017. <b>Lokið.</b>	Birt í starfsáætlun skólans haustið 2017.	Stjórnendur.

Matsþáttur	Tækifæri til umbóta	Áætlun um umbætur	Hvenær unnið/lok	Hvernig/hvenær mælt	Ábyrgð
<b>2. Stefnumótun og skipulag</b>					
<b>2.1 Starfsáætlun og skólanámskrá</b>	Setja mætti helstu markmið skólastarfsins fram á skýrari hátt út frá Fræjunum þannig að auðveldara sé að meta þau.	Búa til tvö markmið út frá hverju fræi svo hægt sé að meta jafnt og þétt yfir skólaárið.	Vorönn 2018	Birt í skólanámskrá og sjálfsmatsáætlun vorið 2018.	Stjórnendur og kennarar.
	Virkja ætti foreldra og nemendur betur í reglulegri endurskoðun skólanámskrár.	Búa til rýnihóp foreldra og nemenda. Skólaráð fær skólanámskrá ætíð til umsagnar þegar endurskoðun fer fram.	Skólanámskrá fer næst í heildar-endurskoðun 2019. Breytt verklag tekið upp þá.	Verklag birt í sjálfsmatsáætlun.	Stjórnendur
	Fjalla mætti betur um umhverfisstefnu skólans, upplýsingamiðlun til foreldra og samstarf við nærsamfélagið í skólanámskrá/starfsáætlun.	Unnið af rýnihópi vorið 2018.	Vorið 2018.	Birt í skólanámskrá eftir endurskoðun 2019.	Stjórnendur og rýnihópur.
<b>2.2 Skóladagur nemenda</b>	Auka mætti val nemenda í námi á yngri stigum og sjá til þess að val á unglingastigi sé um 20% námstímans.	Vinnustundir og val sett inn á stundatöflu nemenda, tvær stundir á viku.	Kemur inn á stundatöflur nemenda haustið 2017. <b>Lokið.</b>	Birtist á stundatöflum og lýsing í bekkjarnámskrám.	Kennarar og stjórnendur.
	Gæta þarf að því að skerða ekki námstíma nemenda þegar farið er á milli í íþróttir og sund.	Innangengt er í íþróttir og sund frá skólanum og því skerðing vegna ferða í íþróttir og sund óveruleg. Kennarar og starfsmenn sjá um að aðstoða nemendur svo þessi þáttur gangi betur.	Viðvarandi vinna og athuganir.	Á ekki við.	Kennarar.

Matspáttur	Tækifæri til umbóta	Áætlun um umbætur	Hvenær unnið/lok	Hvernig/hvenær mælt	Ábyrgð
2.3 Verklagsreglur og áætlanir	Vinna þarf samræmda uppeldisstefnu fyrir skólann í samráði við nemendur og foreldra.	Starfsmenn fengu kynningu á Uppbyggingarstefnunni. Ákveðið að innleiða hana í skólann. Kynnt fyrir skólaráði, nemendum og á heimasíðu skólans.	Vinna hefst skólaárið 2017-2018. Valið hefur verið að innleiða Uppbyggingarstefnu una. Vinna hafin og innleiðing áætluð næstu tvö árin.	Birt á heimasíðu og í starfsáætlun.	Stjórnendur
	Þegar skólareglur eru unnar eða endurskoðaðar þarf að hafa nemendur með í ráðum.	Halda lýðræðisfund á hverju aldurstigi þar sem skólareglur eru kynntar og nemendur fá tækifæri til að koma með athugasemdir.	Unnið samfara innleiðingu á uppbyggingarstefnu unni.	Birt á heimasíðu.	Kennarar og stjórnendur.
	Skólareglur mætti gera sýnilegri í skólanum og samræma þarf viðbrögð við agabrotum í skólanámskrá og handbók starfsmanna út frá reglugerð.	Prenta út skólareglur og hengja upp. Vinna með nemendum litrík veggspjöld um hverja reglu. Rýnihópur samræmir viðbrögð við agabrotum í skólanámskrá og handbók starfsmanna út frá reglugerð.	Vorönn 2018.	Birt í skólanámskrá og á heimasíðu.	Stjórnendur
<b>3. Samskipti heimila og skóla</b>					
3.1 Skólaráð, foreldrafélag	Skólaráð ætti að setja sér starfsáætlun fyrir hvert skólaár.	Skólaráð setji sér starfsáætlun á fyrsta fundi hvers skólaárs.	Á fyrsta fundi hvers skólaárs. Fyrst framkvæmt haustið 2017. <b>Lokið.</b>	Birt á heimasíðu	Skólaráð og stjórnendur.
3.2 Þátttaka foreldra í skólastarfi og upplýsingamiðlun	Koma mætti á skipulögðum foreldraheimsóknum til að efla samstarf heimila og skóla.	Foreldrar eru ávallt velkomnir í skólann. Er það tiltekið í skólanámskrá og á viðburðum eins og skólaasetningu og öðrum fundum. Kennarar reyna á hverju ári að fá foreldra í heimsókn t.d. til að kynna starf sitt eða annað áhugavert.	Skólaárið 2017-2018	Vor 2018. Tekið saman í rýnihópum kennara á deildarfundum.	Umsjónarkennarar og foreldrar.

## Nám og kennsla

Matspáttur	Tækifæri til umbóta	Áætlun um umbætur	Hvenær unnið/lok	Hvernig/hvenær mælt	Ábyrgð
<b>1. Nám og námsaðstæður</b>					
<b>1.1 Inntak og árangur</b>	Huga að eflingu náms í íslensku hjá yngri nemendum.	Ein af aðaláherslum skólaársins í Akurskóla og næsta árs er að efla námsárangur á öllum stigum. Sjá umbótaáætlun vegna innra mats.	Unnið á skólaárunum 2017-2018 og 2018-2019.	Árangur á skimunarprófum og samræmdum prófum skoðaður og greindur sérstaklega í sjálfsmati skólans.	Stjórnendur og kennarar.
	Stefna að betri árangri í íslensku og stærðfræði hjá nemendum 10. bekkjar.	Ein af aðaláherslum skólaársins í Akurskóla og næsta árs er að efla námsárangur á öllum stigum. Sjá umbótaáætlun vegna innra mats.	Unnið á skólaárunum 2017-2018 og 2018-2019.	Árangur á skimunarprófum og samræmdum prófum skoðaður og greindur sérstaklega í sjálfsmati skólans.	Stjórnendur og kennarar.
<b>1.2 Skipulag náms og námsumhverfi</b>	Setja fram og skrá stefnu í heimanámi nemenda.	Kennarar vinna áætlun/lýsingu á heimavinnu fyrir hvert stig á starfsdögum í júní.	Júní 2017. <b>Lokið.</b>	Birt í starfsáætlun haustið 2017.	Kennarar og stjórnendur.
<b>1.3 Kennsluhættir og gæði kennslu</b>	Skipuleggja kennslu þannig að kennarar hafi möguleika á að vinna meira saman í rýmum.	Skipuleggja þarf stundatöflur þannig að kennarar sem kenna sama fag í sama árgangi kenna á sama tíma og gefa sér fasta tíma í undirbúning saman.	Stundatöflugerð fyrir skólaárið 2017. <b>Lokið.</b>	Rætt við kennara í starfsmanna-samtölum í janúar 2018. Árangur metinn og hvað er hægt að gera betur.	Stjórnendur.

Matsþáttur	Tækifæri til umbóta	Áætlun um umbætur	Hvenær unnið/lok	Hvernig/hvenær mælt	Ábyrgð
<b>1.3 Kennsluhættir og gæði kennslu</b>	Taka Fræin og lýsa framkvæmd nánar fyrir hvern þátt þar sem fram kemur hvað felst í hverjum lið, meta hver staðan er og setja fram áætlun um umbætur.	Búa til tvö markmið út frá hverju fræi svo hægt sé að meta jafnt og þétt yfir skólaárið.	Vorönn 2018	Birt í skólanámskrá og sjálfsmatsáætlun vorið 2018.	Stjórnendur og kennarar.
	Styðja óreynda kennara/leiðbeinendur við skipulag og framkvæmd teymiskennslunnar.	Stjórnendur bjóða upp á námskeið fyrir nýja og óreynda kennara/leiðbeinendur. Verklagsnámskeið þar sem farið er yfir helstu skyldur, skimanir o.s.frv. Reyndari kennarar leiðbeina þeim sem eru nýrri.	Skólaárið 2017-18 og áfram eftir þörfum.	Metið í starfsmanna-samtölum hvernig hefur til tekist og í kennslurýni stjórnenda.	Kennarar og stjórnendur
	Skilgreina teymiskennslu og setja fram markmið um framkvæmd hennar.	Rýnihópur semur lýsingu sem birtist í endurskoðaðri skólanámskrá 2019.	Unnið þegar skólanámskrá er endurskoðuð	Birt í skólanámskrá eftir endurskoðun 2019.	Kennara og stjórnendur.
	Gera meiri kröfur í námi til öflugra nemenda.	Ein af aðaláherslum skólaársins í Akurskóla og næsta árs er að efla námsárangur á öllum stigum. Sjá umbótaáætlun vegna innra mats.	Unnið á skólaárunum 2017-2018 og 2018-2019.	Árangur á skimunarprófum og samræmdum prófum skoðaður og greindur sérstaklega í sjálfsmati skólans.	Stjórnendur og kennarar.
<b>1.4 Námshættir og námsvitund</b>	Efla ætti kennsluhætti sem leiða til samstarfs og samræðna nemenda um námið.	Kennarar skipleggja fleiri hópaverkefni og gefa sér meiri tíma í umræður. Námskeið um fjölbreytta kennsluhætti.	Skólaárið 2017-18	Kennarar fá spurningalista vorið 2018 um hvernig þeir hafa eflt þennan þátt.	Kennarar og stjórnendur.

Matspáttur	Tækifæri til umbóta	Áætlun um umbætur	Hvenær unnið/lok	Hvernig/hvenær mælt	Ábyrgð
1.4 Námshættir og námsvitund	Tengja nám frekar við áhugasvið nemenda.	Boðið verður upp á tvo tíma á viku á öllum stigum þar sem boðið verður upp á fjölgreindaval, áhugasviðsverkefni og vinnustundir.	Kemur inn í stundatöflur nemenda haustið 2017. <b>Lokið.</b>	Birtist í stundatöflum nemenda og í bekkjarnámskrám.	Kennarar og stjórnendur.
	Auka þátttöku nemenda við áætlanagerð í námi og mat á eigin árangri	Kennarar kenna markvisst námstækni í lífsleikni og auka sjálfsmat og jafningjamat í mati á verkefni. Stöðumat, sjálfsmat nemenda fyrir foreldasamtöl í janúar.	Haust 2017 og janúar 2018.	Kennarar fá spurningalista vorið 2018 um hvernig þeir hafa eftir þennan þátt.	Kennarar.
<b>2. Þátttaka og ábyrgð nemenda</b>					
2.1 Lýðræðisleg vinnubrögð	Skoða möguleika á að yngri nemendur komi að nemendaráði að einhverju marki.	Nemendaráð komi upp hugmyndabanka á yngra stigi. Þeir sem halda utan um nemendaráð haldi 2-3 lýðræðisfundi með yngri nemendum.	Hefst skólaárið 2017-18. Áframhaldandi vinna.	Fundur settir á dagskrá.	Umsjónarmaður nemendaráðs.
	Æskilegt er að nemendafulltrúar í ráðum og nefndum fái þjálfun til þátttöku og þeim skapaður vettvangur til að koma upplýsingum til samnemenda.	Nýjar áherslur í vali fyrir nemendaráð.	Hefst skólaárið 2017-18.	Námsmat í lok vals.	Kennarar sem halda utan um valgreinina nemendaráð.
	Huga að því að á vegum nemendaráðs verði skapaður vettvangur fyrir umfjöllun nemenda um nám og námsaðstæður.	Nýjar áherslur í vali fyrir nemendaráð. Nemendaráð fari í bekk og spjalli við nemendur um nám og námsaðstæður.	Hefst skólaárið 2017-18.	Könnun meðal nemenda í lok skólaárs.	Kennarar og nemendur í nemendaráði.



Matspáttur	Tækifæri til umbóta	Áætlun um umbætur	Hvenær unnið/lok	Hvernig/hvenær mælt	Ábyrgð
<b>2.1</b> Lýðræðisleg vinnubrögð	Ígrunda með nemendum hvað legið geti að baki því sem fram kom í rýnihópum nemenda um misjafnt viðmót til kynja.	Umsjónarkennarar taka málið fyrir í lífsleikni. Nemendum jafnvel kynjaskipt í umræðunni.	Reglulega yfir allt skólaárið	Nemendakönnun og umræður. Mat á árangri eða viðhorfsbreytingu nemenda vor 2018.	Kennarar.
<b>2.2</b> Ábyrgð og þátttaka	Setja fram viðmið um árangur í tengslum við námsmat.	Skrifleg/myndræn viðmið sett fram í bekkjarnámskrám. Viðmið um árangur sett fram í hverju verkefni sem lagt er fyrir.	Hefst skólaárið 2017-18.	Birt í skólanámskrá og með verkefnum sem eru lögð fyrir.	Kennarar.
	Auka tækifæri nemenda til að meta eigið nám og framfarir.	Kennarar auka vægi sjálfsmats.	Allt skólaárið	Birt í skólanámskrá.	Kennarar
	Efla markmiðssetningu og stigvaxandi ábyrgð nemenda.	Nemendur setja sér skammtíma og langtímamarkmið í tengslum við samtalsdaga að hausti og í janúar. Nemendur ákveða sjálfir hvernig þeir nýta tíma sinn í vinnustundum.	Hefst í september 2017 og aftur í janúar 2018.	Endurmat á markmiðum nemenda í janúar og maí.	Kennarar
<b>3. Námsaðlögun</b>					
<b>3.1</b> Nám við hæfi allra nemenda	Gera betur grein fyrir námsaðlögun í bekkjarnámskrám.	Verkefnastjóri stoðþjónustu setur inn texta um námsaðlögun á hverju stigi.	Unnið haustið 2017. <b>Lokið.</b>	Birt í Skólanámskrá, starfsáætlun.	Verkefnastjóri stoðþjónustu..
	Koma þarf í meira mæli til móts við áhuga og námsstíl nemenda.	Nemendur nýta vinnustundir, valstundir og iPada til að fara ólíkar leiðir í námi. Kennarar eru með mismunandi hópaskiptingar og hringekjur. Nemendur hafi val um hvernig á að skila verkefnum.	Allt skólaárið.	Vor 2018. Nemendakönnun og umræður kennara á deildarfundum um hvernig til tókst.	Kennarar.

Matspáttur	Tækifæri til umbóta	Áætlun um umbætur	Hvenær unnið/lok	Hvernig/hvenær mælt	Ábyrgð
3.2 Stuðningur við nám	Setja fram samræmda áætlun um kannanir og skimanir þar sem fram koma viðmið um árangur og til hvaða aðgerða grípa eigi ef þarf.	Endurskoðun á sjálfsmatsáætlun skólans.	Vorið 2017. <b>Lokið.</b>	Birt í sjálfsmatsskýrslu skólans vorið 2017.	Stjórnendur.
	Huga betur að námi nemenda sem skara fram úr.	Ein af aðaláherslum skólaársins í Akurskóla og næsta árs er að efla námsárangur á öllum stigum. Sjá umbótaáætlun vegna innra mats.	Unnið á skólaárunum 2017-2018 og 2018-2019.	Árangur á skimunarprófum og samræmdum prófum skoðaður og greindur sérstaklega í sjálfsmati skólans.	Stjórnendur og kennarar.

## Innra mat

Matsþáttur	Tækifæri til umbóta	Áætlun um umbætur	Hvenær unnið/lok	Hvernig/hvenær mælt	Ábyrgð
<b>1. Framkvæmd innra mats</b>					
<b>1.1 Innra mat er kerfisbundið og samofið daglegu skólastarfi</b>	Gera þarf grein fyrir hvernig markmið skólanámskrár eru metin og meta þarf markmiðin markvisst og reglubundið.	Gerð áætlun og birt í sjálfsmatsáætlun skólans.	Unnið skólaárið 2017-18 og birt í júní 2018.	Birt í sjálfsmatsáætlun skólans vorið 2018.	Stjórnendur og matsteymi.
	Þess þarf að gæta að starfsmenn, nemendur og foreldrar taki þátt í að ákveða áherslur og forgangsröðun í innra mati, t.d. með stofnun matsteymis.	Skipað verður matsteymi með fulltrúum allra hópa.	Haustið 2017.	Skráð í sjálfsmatsskýrslu.	Stjórnendur.
<b>2. Umbótastarf í kjölfar innra mats</b>					
<b>2.1 Innra mat er opinbert</b>	Greina þarf niðurstöður í styrkleika og tækifæri til umbóta.	Styrkleikar og tækifæri til umbóta betur greind niður og umbótaáætlun sett sérstaklega fram.	Vor og haust 2017. <b>Lokið.</b>	Birtist í sjálfsmatsskýrslu vorið 2017 og ný umbótaáætlun sett fram fyrir 15. október 2017.	Stjórnendur og matsteymi.
	Gera þarf tímasetta áætlun um umbætur þar sem ábyrgðaraðilar eru skilgreindir og tilgreint er hvenær endurmeta eigi árangur aðgerðanna.	Tímasett áætlun sett fram í nýrri umbótaáætlun.	Haust 2017. <b>Lokið.</b>	Birt í umbótaáætlun skólans haustið 2017.	Stjórnendur og matsteymi.